

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

100. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 2.febrúar 2011 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Viðræður við Sigurð Ingva Björnsson, eftirlitsmann sauðfjárveikivarnagirðinga.
2. Verklagsreglur um lausagöngu og vörslu graðpenings.
3. Samþykktir sveitarfélaga um búfjárhald.
4. Skipulag refa- og minkaveiða 2011-2014.

Afgreiðslur:

1. Sigurður Ingvi Björnsson, eftirlitsmaður sauðfjárveikivarnargirðinga er mættur til fundarins. Sigurður Ingvi hefur haft umrætt eftirlit með höndum sl. 5 ár. Greindi hann nefndarmönnum frá ástandi umræddra girðinga, viðhaldi þeirra sl. ár, veikustu hlekkjum og mikilvægustu verkefnum framundan. Fjárveiting til viðhalds á árinu 2010 var dregin verulega saman og hafði það í strax í för með sér að línubrjótum fjölgaði umtalsvert. Sigurður Ingvi taldi mikilvægt að umsjónarmaður girðinga fengi upplýsingar frá hlutaðeigandi fjallskilastjórum um hvenær upprekstur fjár á heiðarnar er heimilaður þannig að nauðsynlegasta viðhaldi sé lokið áður en að því kemur. Landbúnaðarráð tekur undir þessa athugasemd
2. Þorbjörg, Sigtryggur og sveitarstjóri kynntu skoðun sína á gildandi verklagsreglum um lausagöngu og vörslu graðpenings. Telja þau mikilvægt að taka til endurskoðunar vinnuferli sveitarfélagsins í þessu samhengi. Samþykkt að nánari upplýsinga verði aflað og unnið verði að áframhaldandi skoðun málsins.
3. Þorbjörg Sigtryggur og sveitarstjóri kynntu upplýsingar sem þeim var falið að afla um samþykktir sveitarfélaga um búfjárhald. Samþykkt að nefndarmenn kynni sér upplýsingarnar frekar og málið verði tekið til umræðu á næsta fundi.
4. Rætt um kosti og galla núverandi fyrirkomulags refa- og minkaveiða. Samþykkt að boða ráðnar grenjaskyttur til fundar við landbúnaðarráð. Stefnt verði að þeim fundi um miðjan febrúarmánuð.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:50.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir(sign.),
Þorsteinn B. Helgason(sign.),
Agnar Jónsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),
Þórarinn Óli Rafnsson(sign.).